



fréttabréf **bssl**

EFNI BRÉFSINS:

Af hauststarfinu í sauðfjárrækt
2009 2
Túnkortagerð 4

Á DÖFINNI:

- **13. jan. 2010**
Fræðslufundur um varnarlinur og sauðfjár-sjúkdóma, Heimalandi kl. 13.00-15.00
- Litir hrossa og erfðir á þeim, fræðsluvöld í Hlíðskjálfi Selfossi kl. 19.45-22.00
- **29. jan. 2010**
Lífræn aðlögun sauðfjárræktar, námskeið á Stóra-Ármóti kl. 12.45-17.00
- **5. feb. 2010**
Fjarvis.is, námskeið í Heppuskóla á Höfn kl. 9.30-16.30
- **20. feb. 2010**
Bygging hrossa, námskeið í Hestamiðstöðinni Dal í Mosfellssveit kl. 10.00-16.30

Fræðsluvöld í félagsheimili Hestamannafélagsins Sleipnis. - Litir hrossa og erfðir á þeim -

Landbúnaðarháskóli Íslands og Hrossaræktarsamtök Suðurlands standa fyrir fræðsluvöldi í félagsheimili Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi, þann 13. janúar nk.

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu hrossaliti og erfðum þeirra lýst. Myndir verða mikið notaðar og raunveruleg dæmi tekin til útskýringar. Markmiðið er að þátttakendur öðlist skilning á helstu atriðum litaerfðanna.

Kennari: Guðni Þorvaldsson frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stund og staður: Miðvikudagur, 13. janúar kl. 19:45-22:00 í félagsheimili Hestamannafélagsins Sleipnis, Hlíðskjálfi, Suðurtröð á Selfossi.

Verð: 1.000 kr til félagsmanna Hrossaræktarsamtaka Suðurlands – aðrir 1.500 kr. Greitt á staðnum, ekki er tekið við kortum. Skráningar á endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands

Sauðfjárræktarkerfið Fjarvis.is – Höfn Haldið í samstarfi við Bændasamtök Íslands og Búnaðarsamband Suðurlands

Á námskeiðinu verður farið yfir alla helstu möguleika vefforritsins svo það nýtist sem best bændum. Stöðugt er verið að bæta forritið með nýjungum og lagfæringum svo sem burðar- og þungaskráningu.

Missið ekki af þessu tækifæri til að fá leiðsögn um hina óþrjótandi möguleika kerfisins og til að fá góða yfirsýn yfir fjárræktina. Þátttakendur vinna með eigin gögn og þess vegna er mælt með að hafa meðferðis fjárbækur. Umræður verða einnig um forritið til að fá fram ábendingar þátttakenda um hvað megi betur fara eða hverju megi bæta við til að auka notagildi forritsins. Byrjendur jafnt sem lengra komnir eru hvattir til að mæta á námskeiðið til að hafa sem best not af forritinu.

Hámarksfjöldi þátttakanda er 12.

Kennarar: Jón Baldur Lorange forstöðumaður tölvudeildar Bændasamtaka Íslands og Pórey Bjarnadóttir ráðanautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands.

Tími: Föstudagurinn 5. feb. kl. 9:30-16:30 í Heppuskóla á Höfn.

Verð: 14.000 kr. Kaffi og hádegismatur er innifalið. Námskeiðið er styrkhæft hjá Starfsmenntasjóði BÍ sem endurgreiðir að mestu námskeiðsgjaldið. Hægt er að sækja um styrkinn inn á www.bondi.is þar er tengill hægra megin á síðunni.

Staðfestingargjald: Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 2.500 kr (óafturkræft) á reikninginn 0354-26-4237, kt. 411204-3590.

Skráningar: endurmenntun@lbhi.is (fram komi nafn, kennitala, heimili, sími og nafn námskeiðs) eða hafa samband í síma: 433 5033/433 5000.

Af hauststarfinu í sauðfjárrækt 2009

Lambaskoðanir og hrútasýningar 2009

Fyrstu lambaskoðanir haustsins voru í lok ágúst og þær síðustu í byrjun nóvember. Mesti annatíminn var þó frá 20. september til loka október, eins og undanfarin haust. Þegar unnið var eftir skipulagðri dagskrá nýttust dagarnir mjög vel og í nokkrum sveitum var unnið langt fram á kvöld.

Áhugi bænda á að láta skoða lömb í byrjun september eykst ekki á milli ára. Því viljum við minna þá bændur á sem beita fé sínu á láglendi og slátra seinnipart sumars eða snemma hausts að betra er að skoða lömbin sem fyrst eftir að þau eru tekin úr úthaganum. Ef hægt væri að sinna þessum bændum fyrstu tvær vikurnar í september myndi það minnka álagið yfir háannatímenn. Fyrir utan það að við hefðum sennilega meiri tíma fyrir hvern bónda ef hægt væri að dreifa skoðunum aðeins.

Aðalstarfsmenn haustsins voru Fanney Ólöf, Þórey, Óðinn Örn og Hermann. Grétar Már, Ágúst Ingi og Jón Viðar komu að skoðunum í nokkra daga hver. Halla Eygló hljóp undir bagga með okkur þegar mikið lá við. Sólrún Ólafsdóttir sá um skráningu á dómum. Sú nýbreytni var þetta haustið að ákveðið var að skrá dóma á öllum gimbrum í nýja skýrsluhaldskerfið www.fjarvis.is en fram að þessu hafa bara verið skráðir dómur á gimbrum undan sæðingahrútum. Bændum var boðið upp á að skrá dómama sjálfir og fengu þeir 10% afslátt af gjaldskrá Búnaðarsambandsins. Þetta fyrirkomulag tókst með ágætum en þó voru nokkrir bændur sem voru ekki búnir að skrá dómama fyrir tilsettan dag og því féll afslátturinn niður hjá þeim.

Haustfundirnir í sýslunum fjórum voru haldnir dagana 25. og 26. nóvember. Á fundunum fóru Fanney Ólöf og Þórey yfir niðurstöður hauststarfsins, Sveinn Sigurmundsson fór yfir starfsemi Sauðfjársæðingarstöðvar Suðurlands og Jón Viðar frá Bændasamtökum Íslands kynnti hrútakost Sauðfjársæðingarstöðvarinnar. Eftir að fundargestir höfðu gætt sér á kaffi og kökum í boði Sauðfjársæðingarstöðvar Suðurlands voru verðlaunaveitingar. Að venju voru 5 bú verðlaunuð fyrir efstu lambhrútana í hverri sýslu, 3 efstu veturgömlu hrútarnir í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir einstaklingsdóm og 5 eldri hrútar í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir BLUP kynbótamat. Hrútar, bæði veturgamlir og lambhrútar, sem dregnir voru niður fyrir haus (t.d. vegna skakks bits) eða með gallaða fætur komu ekki til greina sem verðlaunahrútar og voru teknir af listanum yfir þá stigahæstu vegna þessara galla. Þeir hrútar sem eru í töflunum eru því allir með 8,0 fyrir haus og fætur. Dregið er 0,5 stig af samanlögðum stigum fyrir bak, malir og læri hjá lambhrútum sem eru gengnir einir undir. Sauðfjárræktarnefnd BSSL samþykkti á fundi í ágúst 2009 að veita einungis viðurkenningaskjöl í öllum flokkum verðlaunahrúta.

Veturgamlir hrútar 2009

Í haust voru dæmdir 560 veturgamlir hrútar sem er 55 hrútum færri en haustið 2008. Vænleiki var svipaður á milli ára en hrútarnir voru að meðaltali 82,6 kg. Þyngstu hrútarnir voru í Austur-Eyjafjallahreppi 91,2 kg að meðaltali. Meirihluti hrútanna eða 97% fékk I verðlaun A. Flestir hrútar voru dæmdir í Hrunamannahreppi 45 og þar á eftir kom Fljótshlíð með 36 hrúta. Veturgömlu hrútarnir

stiguðust aðeins hærra þetta haustið, bæði í lærastigum og heildarstigum. Af þessum 560 hrútum voru 261 (47%) undan sæðingahrútum, 229 undan þeim hyrndu og 32 undan þeim kollóttu. Þetta er lægra hlutfall en var haustið 2008 en þá voru 60% allra dæmdra veturgamalla hrúta undan sæðingahrútum. Kveikur átti flesta syni þetta haustið eða 56. Á eftir honum komu Bjálki með 30 og Fróði með 22 syni. Enginn af hyrndu hrútum á svo marga syni eins og Raftur átti í fyrra (85) og engin heldur að skara fram úr í stígunum eins og synir hans gerðu. Máni átti flesta syni af kollóttu hrútunum eða 11. Næstir á eftir honum komu Frakkson, Falur og Olli með 4 syni hver.

Hæst dæmdu veturgömlu hrútarnir 2009

Austur-Skaftafellssýsla														
Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	P.	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög	H+H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull
08-403	Týr	Svínafell 1	05-965 Kveikur	90	117	50	2,9	4,5	8,5	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0
08-218	Svipur	Fornustekkar	06-385 Þurs	82	120	41	1,9	5,0	9,0	8,5	9,5	9,0	18,5	7,5
08-569	Bútur	Hof 1	06-165 Sjóður	89	113	38	7,4	4,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,5	7,5
Vestur - Skaftafellssýsla														
Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	P.	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög	H+H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull
08-477	Blámi	Borgarfell	06-319 Fálki	86	110	42	3,7	5,0	9,0	8,5	9,5	9,0	19,5	8,0
08-008	Glæðir	Fagurhlíð	06-099 Hlemmur	86	120	44	6,6	5,0	8,5	8,5	10,0	9,0	19,0	8,0
08-415	Hlíðar	Þykkvabær III	04-963 Fróði	101	120	42	3,3	4,5	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0
Rangárvallasýsla														
Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	P.	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög	H+H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull
08-347	Askur	Ytri-Skógar	06-995 Bjálki	96	114	47	4,9	4,5	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0
08-066	Loftur	Fit	07-063 Klemmi	85	116	44	4,5	4,5	9,0	8,5	9,5	9,0	19,0	7,5
08-808	Prins	Austvaðsh. JB	04-084 Þrúður	90	118	37	6,2	4,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0
Árnessýsla														
Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	P.	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög	H+H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull
08-048	Kostur	Háholti	07-023 Smellur	87	123	41	2,5	5,0	8,5	8,5	10,0	9,5	18,5	8,5
08-081	Camus	Brúnastaðir	07-076 Gýgjar	93	121	43	3,4	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5
08-015	Skreppur	Hamar	05-007 Stubbur	85	115	42	4,3	5,0	8,5	8,5	9,5	9,5	19,0	8,0

Efsti veturgamli hrúturinn í Árnessýslu kemur frá Háholti í Gnúpverjahreppi og heitir Kostur 08-048, sonarsonur Hvells (05-969). Í Rangárvallasýslu var Askur 08-347 Bjálkason 06-995 frá Ytri-Skógum efstur. Blámi 08-477 frá Borgarfalli var hæst dæmdur í Vestur-Skaftafellssýslu, hann er sonur Fálka 06-834 sem er nýkomin inn á Sauðfjársæðingarstöð Suðurlands. Í Austur-Skaftafellssýslu stóð efstur Týr 08-403 í Svínaelli 1 undan Kveik 05-965. Týr var keyptur frá Litla-Hofi í sömu sveit.

Lambhrútar

Skoðaðir voru um 2.900 lambhrútar og um 11.000 gimbrar í sýslunum fjórum. Þar af voru 149 lambhrútar dæmdir vegna afkvæmarannsóknar á Ytri-Skógum fyrir Sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Niðurstöða afkvæmarannsóknarinnar var mjög góð og ákveðið var að taka einn hrút á stöð þegar niðurstöður lágu fyrir, Kjark Kveiksson. Nokkur aukning var á dæmdu lambhrútum þetta haustið eða 12% aukning frá haustinu 2008.



Nr. 1190 frá Þykkvabæ 3, f. Dropi 05-414.



Kostur 08-048 frá Háholti, f. Smellur 07-023.

Efstu hrútar í kynbótamati (BLUP) 2009

Austur-Skaftafellssýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Sláturupplýsingar 2008				
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
07-563	Breki	Hof 1	05-966	Raftur	142	121	133,6	105	103	33	16,7	9,6	5,7
07-123	Túli	Gerði	05-966	Raftur	129	117	124,2	108	111	47	17,2	9,7	6,8
02-766	Áll	Vík 2	00-868	Áll	129	117	124,2	104	105	63	15,5	8,7	6,4
07-714	Rakki	Hestgerði	05-966	Raftur	126	120	123,6	103	106	22	15,6	9,4	6,6
07-447	Geysir	Svínafell 1	05-966	Raftur	118	130	122,8	101	107	33	15,2	10,3	6,2

Vestur-Skaftafellssýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Sláturupplýsingar 2008				
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
07-160	Fantur	Mýrar	05-966	Raftur	131	142	135,4	106	107	33	15,8	10,3	6,0
07-443	Fjalur	Úthlið	05-966	Raftur	135	129	132,6	105	106	58	16,7	10,3	6,2
06-834	Fálki	Borgarfell	04-951	Mimir	119	142	128	103	102	56	17,1	10,8	6,2
04-179	Fleygur	Borgarfell	01-883	Hylur	129	119	125	107	101	54	17,8	9,9	6,2
06-664	Gammur	Geirland	01-883	Hylur	137	102	123	105	100	31	16,1	8,2	6,0

Rangárvallasýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Sláturupplýsingar 2008				
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
06-381	Stáli	Teigur 1	05-438	Tvistur	141	130	137	102	100	48	16,0	10,0	5,7
07-403	Skækill	Skarð	05-966	Raftur	146	117	134,4	105	104	35	16,8	10,4	6,1
07-323	Drumbur	Ytri-Skógar	05-966	Raftur	133	120	127,8	105	103	31	16,6	10,2	6,3
07-400	Hækill	Skarð	05-966	Raftur	136	106	124	105	107	46	16,8	9,6	6,5
06-245	Prins	Efta-Grund	01-883	Hylur	121	128	123,8	108	98	36	15,4	10,1	5,9
07-399	Borgar	Skarð	05-969	Hvellur	132	109	122,8	109	98	46	16,8	9,8	6,5

Arnessýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Sláturupplýsingar 2008				
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
04-774	Funi	Ósabakki 3	01-883	Hylur	136	122	130,4	100	105	70	14,7	8,6	5,3
06-504	Larfur	Amarholt	03-945	Lundi	124	121	122,8	105	104	46	19,2	10,4	7,9
07-150		Heiðarbær 1	04-962	Bobbi	130	109	121,6	98	102	31	15,7	8,8	5,8
07-728	Rusti	Litlu-Reykir	05-966	Raftur	120	121	120,4	103	106	17	16,7	10,3	5,9
07-002	Dropi	Stiflisdalur	04-992	Cat	116	127	120,4	98	99	40	14,8	9,1	5,6

Vestur-Skaftafellssýsla var efstur Fantur frá Mýrum undan Rafti 05-966, heildareinkunn 135,4. Breki 07-563 frá Hofi 1 undan Rafti 05-966 var efstur í Austur-Skaftafellssýslu, heildareinkunn 133,6.

Afkvæmarannsóknir

Gerðar verða upp afkvæmarannsóknir hrúta fyrir 34 bæi á starfsvæði Búnaðarsambandsins. Vegna breytinga á dómaskráningum var ákveðið að nýta betur styrkinn úr sauðfjársamningnum sem rennur til afkvæmarannsókna. Ákveðið var að gera upp rannsókn fyrir þá bæi sem ná lágmarksfjölda skoðaðra gimbra undan 5 hrútum eða fleirum, styrkurinn kemur þá á móti þeirri vinnu sem við vinnum við úrvinnslu rannsóknarinnar. Bændur þurfa ekki sérstaklega að óska eftir afkvæmarannsókn. Með þessu vonumst við til að bændur sjái þá kosti sem afkvæmarannsókn hefur við hrútavalið og óski þá eftir henni næstu haust.

Rétt er að benda á að allar töflur er hægt að nálgast á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (www.bssl.is) eða á skrifstofum Búnaðarsambandsins.

Að lokum vilja starfsmenn Búnaðarsambandsins sem komu að hauststarfinu í sauðfjárrækt þakka bændum fyrir gott samstarf og óska bændum og búaliði gleðilegs og farsæls nýs árs.

Sauðfjárræktarráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands

Túnkortagerð

Á Búnaðarsambandinu er boðið upp á gerð túnkorta og eftirspurnin hefur verið umtalsverð á undanförunum misserum. Kortin eru teiknuð ofan í litloftmyndir frá fyrirtækinu Loftmyndir ehf og fjölbreyttir útfærslumöguleikar kortanna eru í boði. Aldur loftmyndanna á Suðurlandi er í dag alla jafna árabilið 2006-2008 en allar myndir teknar að hásumri, tærar og skýrar. Afurðin sem bóndi/jarðeigandi fær í hendur fer eftir óskum hans en litprentanir í A3 og A4, plöstun og PDF-kortaskjöl til brúks í heimatölvu er allt til reiðu fyrir áhugasama.

Ávinning af góðu korti þarf tæpast að tíunda fyrir starfandi bændum en það er grunnstoð í áburðar- og ræktunaráætlunum, uppskeruskráningu, skurðhreinunarformum og svo má áfram telja - þar með ein af forsendunum í góðum rekstri og stjórnun.

Kostnaður á jörð felst í leigugjaldi sem sem BSSL greiðir Loftmyndum ehf, um 12.000,- kr á lögbýli. Þar við bætist tímavinna við kortagerð og vinnslu þar sem búnaðargjaldsgreiðendur njóta sérstaks afsláttar. Heildarkostnaður er alla jafna á bilinu 30.000,- til 50.000,- kr án vsk, allt eftir umfangi verkefnisins.

Að endingu er rétt að benda fólki á miðlæga gagnagrunninn Jörð.is sem BÍ er að þróa en þar geta bændur komist í loftmyndir af eigin jörðum og mælt flatarmál og vegalengdir. Túnkortavinnsla búnaðarsambandanna er svo tengd þeim grunni á þann hátt að teiknaðar spildur kortanna birtast einnig inni á Jörð.is. Til að komast inn á Jörð.is má nota sömu aðgangsorð og menn hafa fyrir aðra gagnagrunna BÍ t.d. bufe.is - en þó þarf að virkja aðgangsorðin í upphafi. Allar upplýsingar um Jörð.is veitir tölvudeild BÍ (tolvudeild@bondi.is / S: 563 0300).

Þeim sem vilja kynna sér túnkortagerðina nánar eða hafa frekari fyrirspurnir um þá möguleika sem í boði eru er bent á að snúa sér til undirritaðra.

Pétur Halldórsson
petur@bssl.is / S: 862 9322

Grétar Már Þorkelsson
cretar@bssl.is / S: 864 6487

Kristján Bjarnald Jónsson
kbj@bssl.is / S: 896 6619